

Nd.

320. Breytingartillaga

við frv. til laga um bráðabirgðatekjuöflun ríkissjóðs og jöfnunarsjóðs bæjar- og sveitarfélaga.

Flm.: Sigurður Kristjánsson, Garðar Þorsteinsson.

Við 2. gr. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ef ríkisstjórnin notar heimild þá, sem í þessari grein er veitt, til þess að leggja á tekjuskatt eftir þeim sérstaka skattstiga, sem þar greinir, skal persónufrádráttur sá, er um ræðir í 12. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935, vera sem hér greinir á árinu 1941:

- a. Fyrir einstaklinga í Reykjavík 1000 kr. Í kaupstöðum og kauptúnum (með yfir 300 íbúa) 850 kr. Annarstaðar á landinu 750 kr.
- b. Fyrir hjón í Reykjavík 2000 kr. Í kaupstöðum og kauptúnum (með yfir 300 íbúa) 1700 kr. Annarstaðar á landinu 1500 kr.
- c. Fyrir börn innan 16 ára og aðra skylduómaga 800 kr.